



Forsætisnefnd

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um fjölda bílastæðakorta - kjörnir fulltrúar.***

Á fundi forsætisnefndar 2. nóvember sl. lögðu áheyrnarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

1. Hvað gefur Reykjavík út mörg bílastæðakort til kjörinna fulltrúa, embættismanna, starfsmanna borgarinnar, starfsmanna í B-hluta fyrirtækjum og starfsmanna Hörpu í ráðhúsið, Borgartún og Hörpuna endurgjaldslaust sundurgreint eftir starfsstöð? 2. Hvaða kjörnir fulltrúar Reykjavíkurborgar njóta þeirra hlunninda að hafa bílastæðakort endurgjaldslaust sundurgreint eftir starfsstöð? 3. Hvaða embættismenn njóta þessara kjara sundurgreint eftir starfsstöð? 4. Hvað kosta þessi kort/hlunnindi fyrir borgina á ársgrundvelli? 5. Á hvaða grunni er sú ákvörðun byggð að sumir borgarfulltrúar hafi ekki aðgang að þessum hlunnindum sem er grunnur þess að sinna starfi sínu?

Meðfylgjandi er svar skrifstofu borgarstjórnar vegna þeirra hluta fyrirspurnarinnar sem snýr að kjörnum fulltrúum. Aðrir hlutar fyrirspurnarinnar eru í vinnslu hjá mannauðsdeild Reykjavíkurborgar.

Svar: Enginn kjörinn fulltrúi er með bílastæðakort á vegum skrifstofu borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

